

Sigríður Ingvarsdóttir
Sigríður Ingvarsdóttir
Reason: Signature

Tryggvi Már Ingvarsson
Tryggvi Már Ingvarsson
Reason: Signature

Arnar Þór Sævarsson
Arnar Þór Sævarsson
Reason: Signature

Viljayfirlýsing – Borgað þegar hent er innleiðing við heimili



Samband íslenskra
sveitarfélaga

Undirrituð lýsa yfir vilja til þátttöku í verkefninu *Borgað þegar hent er – innleiðing við heimili*. Verkefnið gengur út á að innleiða nýtt innheimtufyrirkomulag fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt Borgað þegar hent er (BþHE) kerfi, sem sveitarfélögum er skilt að innleiða skv. lögum nr. 103/2021, um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi).

Í verkefninu verður stefnt að því að innleiða rýmisútfærslu fyrir núverandi hirðu og meðhöndlun úrgangs frá heimilum í sveitarfélagini með innheimtu í gegnum álagningarkerfi Húsnaðis- og mannvirkjastofnunnar. Verkefnið verður unnið í samræmi við tímaáætlun frá sambandinu og skal vera lokið 1. janúar 2025.

Viljayfirlýsingin tekur til samstarfs og þátttöku í ofangreindu verkefni. Undirrituð munu skilgreina ábyrgðaraðila fyrir verkefninu. Aðilinn verður í samskiptum við innri og ytri hagsmunaaðila og tryggir gott upplýsingaflæði auk þess að bera ábyrgð á ákveðnum verkþáttum samkvæmt fyrilliggjandi tillögu að innleiðingaráætlun.

Samband íslenskra sveitarfélaga kemur til með að kosta aðkeypta sérfræðivinnu vegna verkefnisins með ráðstöfun styrks frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu að hámarki 600 000 kr á sveitarfélag. Aðrar greiðslur munu ekki fara á milli aðila. Sveitarfélögum munu vinna að ílatakortlagningu, úfærslu gjaldskrár fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt BþHE fyrirkomulagi og nauðsynlegri fræðslu til íbúa.

Greiðsluupphæð byggir á áætlun Advania frá desember 2022 en verkþættir sem greitt er fyrir eru:

gerð staðfangaskrá með leiðbeiningum,
ný gjaldskrá færð inn,
innlestur ílata og aðlögun,
möppun gjalda og aðlögun,
kennsla
eftirfylgni og þjónusta
fundir og samskipti

HMS í samvinnu við Advania tekur við upplýsingum og gögnum sem verða til hjá sveitarfélögum um samkvæmt innleiðingaráætlun og færir inn í álagningarkerfi HMS og aðstoðar við þá þætti sem sveitarfélagið þarf að sjá um í álagningakerfinu. Samband íslenskra sveitarfélaga er stuðnings- og ábyrgðaraðli verkefnisins og mun veita leiðsögn og aðstoð á hverju stigi verkefnisins.

Reykjavík 22.2.2024

Arnar Þór Sævarsson

Framkvæmdarstjóri
Samband íslenskra sveitarfélaga

Tryggvi Már Ingvarsson

Framkvæmdastjóri Fasteigna
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Sigríður Ingvarsdóttir

Bæjarstjóri
Fjallabyggð